

# Heimsins stærsta kennslustund 2022



## Í skólanum er gaman.....?

Hefur þú einhvern tímann hugsað um af hverju þú ert í skóla og til hvers?

Sumum nemendum leiðist í skólanum og sýna náminu lítinn áhuga. En það eru ekki allir svo heppnir að fá að fara í skóla. Margt fullorðið fólk hefur aldrei farið í skóla og kann ekki að lesa eða skrifa. Hvernig tilfinning ætli það sé?

COVID-19 hafði mikil og slæm áhrif á menntun barna út um allan heim. Mörg börn misstu foreldra eða ættingja sína, hungur og fátækt jókst, skólum var lokað og börn gátu ekki hitt jafnaldra sína eða stundað tómstundir. Á Íslandi var skólum hins vegar ekki lokað og því misstu íslensk börn lítið sem ekkert úr skóla.

Rætt hefur verið um að breyta þurfi menntun. Eitt af því er að hlusta á raddir barna og að þau hafi eitthvað að segja um sína eigin menntun og þær ákvarðanir sem teknar eru um líf þeirra. Þetta samræmist greinum 12 og 13 í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þekkir þú þær?

Í verkefninu hér á eftir átt þú að segja skoðun þína á menntun. Ræddu þetta líka við bekkjarfélagi þína. Gaman væri ef þú myndir síðan segja öðrum frá niðurstöðum þínum.

Gangi þér vel.

**Er menntun mikilvæg?**

**Hvað finnst þér um skólann þinn?**



**Myndir þú vilja læra eitthvað annað í skólanum?**

**Er hlustað á raddir barna í skólanum þínum?**

**Annað sem þú vilt láta koma fram?**